

**Verkefni**

- 1** Hvað er EFTA?
- 2** Hvenær og hvers vegna var það stofnað og hver voru stofnriki þess?
- 3** Hvaða lönd eru í EFTA í dag?
- 4** Hvert var frá upphafi meginhlutverk EFTA?
- 5** Hvar eru höfuðstöðvar EFTA?
- 6** Hvenær gengu Íslendingar í EFTA?
- 7** Hver hefur verið reynsla íslenskra iðntyrtækja af EFTA-aðildinni?
- 8** Hver eru meginhlutverk EFTA í dag?

**Evrópusambandið****23****Uppruni og markmið****Efnahagsbandalag Evrópu (EBE)**

Efnahagsbandalag Evrópu var stofnað í Róm árið 1957 með undirritun Rómarsáttmálans en tók til starfa ári seinna, þ.e. 1958. Sex lönd stóðu að stofnun Efnahagsbandalags Evrópu: Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Holland, Belgía og Lúxemborg.

Það voru þrjár meginástæður fyrir stofnun EBE:

- Óskin um frið í Evrópu. Stofnendur EBE trúðu því að aukin viðskiptaleg og efnahagsleg tengsl drægju úr líkum þess að styrjaldir brytust á ný út í Evrópu.
- Löndin vildu mynda viðskiptaheild sem gæti skapað efnahagslegt mótvægi við Bandaríkin í vestri.
- Löndin vildu mynda viðskiptaheild sem gæti skapað efnahagslegt mótvægi við Sovétríkin og Austur-Evrópu.

**Evrópubandalagið (EB)**

Efnahagsbandalag Evrópu tók upp nýtt nafn árið 1967 og varð að Evrópubandalaginu. Árið 1973 stækkaði Evrópubandalagið þegar þrjú ný lönd bættust við: Bretland, Írland og Danmörk. Gríkkland bættist síðan við árið 1981 og Spánn og Portúgal árið 1986.

**Evrópusambandið (ESB)**

Evrópubandalagið tók enn upp nýtt nafn 1992 og heitir síðan Evrópusambandið. Árið 1995 komu Finnland, Svíþjóð og Austur-ríki inn í ESB. Og í maí 2004 bættust enn tíu lönd í hópinn. Það voru Pólland, Ungverjaland, Tékkland, Eistland, Lettland, Iaitháen, Kýpur, Malta, Slóvenía og Slóvakia. Þann 1. janúar 2007 bættust síðan tvö lönd með 30 milljónir íbúa í hópinn. Bessi lönd eru Búlgaria og Rúmenía.

Árið 2007 þegar fimmtri ár voru liðin frá stofnun EBE voru

aðildarlöndin því orðin 27 talsins, íbúarnir voru rúmlega 496 milljónir talsins, og var Evrópusambandið þar með orðin stærsta viðskiptaheld í heimi.

### Rómarsáttmálinn

Eftirfarandi stefnumið Rómarsáttmálans frá 1957 lýsa vel hugmyndum stofnirkjanna um tilgang Efnahagsbandalags Evrópu:

1. Aðildarríkin skulu niður alla tolla og viðskiptahömlur sín á milli en reisa sameiginlegan tollmár gagnvart þjóðum utan bandalagsins. ESB er því svokallað tollabandalag.
2. Vinnumarkaður aðildarlandanna skal vera sameiginlegur.
3. Fjármagnsmarkaður aðildarlandanna skal vera sameiginlegur.
4. Þjónustumarkaður aðildarlandanna skal vera sameiginlegur.
5. Vörumarkaður<sup>1</sup> aðildarlandanna skal vera sameiginlegur.
6. Sameiginleg landbúnaðarstefna<sup>2</sup> verður í aðildarlöndum.
7. Aðildarlöndin hafa sameiginlega stefnu í samgöngum og flutningum.
8. Viðskiptastefna aðildarlandanna verður sameiginleg. ESB hefur með höndum gerð viðskiptasamninga fyrir hönd ESB-þjóðanna við þjóðir utan sambandsins.
9. Stefnt skal að því að efla samkeppni og draga úr einokun innan sambandsins.

Auk hinna þriggja ástæðna sem fyrst voru taldar fyrir stofnun EBE vógu eftirtaldar ástæður þungt til stuðnings efnahagslegri samvinnu aðildarríkjanna:

- Sérhæfing og stærri markaðir leiða til lægra vöruberðs og bættra lífskjara í EBE vegna aukinnar stærðarhagkvæmni fyrirtækja.
- Lægra vöruberð bætir samkeppnisstöðu aðildarlandanna og eykur útflutningsverðmæti þeirra.

<sup>1</sup> Liðir tvö til fimm eru svokallað *fjárfelsi*, sjá nánar í káfla 25.

<sup>2</sup> Stefnan er kölluð CAP (Common Agricultural Policy).

- Erlendar fjárfestingar aukast í löndum EBE vegna þess hversu stórt markaðssvæðið er. Þessar fjárfestingar munu auka hagvöxt í EBE.
- Aukin samkeppni í kjölfar minni viðskiptahamla færir fjármagn frá þeim fyrirtækjum sem gefa litid af sér til þeirra sem eru arðbærari. Þetta stuðlar að bættri nýtingu framleiðsluháttanna.
- Stærri markaður virkar hvetjandi á athafnamenn í EBE og eykur þar af leiðandi frumkvæði og nýsköpun.

### Kostir og gallar tollabandalaga

Efnahagslega kosti og galla aðildar að tollabandalagi er erfitt að reikna út. Til eru tvö hugtök, viðskiptafráhvarf og viðskiptamyndun, sem varpa nokkru ljósí á þetta.

#### Viðskiptafráhvarf

Viðskiptafráhvarf er það kallað þegar land sem gerist aðili að tollabandalagi kaupir dýrari innflutningsvörur eftir inngöngu sína í bandalagið. Þetta gerist ef landið hefur áður keypt ódýrar vörur af þjóðum utan bandalagsins, vörur sem nú verða dýrari vegna þeirra tolla sem settir eru á innfluttar vörur frá þjóðum utan bandalagsins. Bretar keyptu t.d. mjög ódýrar matvörur fyrir inngönguna 1973 af Samveldislöndunum, t.d. Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Suður-Afríku. Eftir inngönguna í EB keyptu þei dýrari matvörur af þjóðum innan EB.

#### Viðskiptamyndun

Viðskiptamyndun er það kallað þegar lönd, eftir inngöngu í tollabandalag, kaupa ódýrari vörur innan bandalagsins en þau gátu keypt áður. Þetta gerist vegna tollalækkana eða afnáms annarra viðskiptahíndrana. Íslendingar mundu kaupa ódýrari matvörur eftir inngöngu<sup>3</sup> í ESB því að þá gætu þeir ekki sett innflutningshöft og ofurtolla á landbúnaðarvörur frá ESB. En audvitað þurfa Íslendingar ekki að ganga í ESB til að afhema slikar hömlur. Innflutningsbönn og aðrar hömlur á innflutning landbúnaðarvara er einhliða ákvörðun íslenskra stjórnvalda.

<sup>3</sup> Reiknað hefur verið út að matarverð hér á landi muni leikka um 40% við inngöngu í ESB.

Pessi ákvörðun er tekin í þeim tilgangi að verja íslenskan landbúnað fyrir samkeppni erlendis frá.

Neytendur tapa á viðskiptafráhvarfi en hagnast á viðskiptamynndun. Því heitti tolla sem þjóð leggur á vörur og því meiri viðskiptahömlur sem hún býr við fyrir aðild að tollabandalagi þeim mun meiri líkur eru á viðskiptamynndun og jákvæðum áhrifum við inngöngu hennar í tollabandalagum.

#### Bætt lífskjör

Tollabandalög eru fyrst og fremst stofnuð í þeim tilgangi að bæta lífskjör þjóðanna innan bandalagsins. Þetta á að gerast með frjálsari viðskiptum og aukinni hagkvæmni sem orsakast af aukinni sérhæfingu og samkeppni. Venjulega er talið að meiri líkur séu á því að þjóðir hagnist af efnahagsbandalögum eftir því sem þær eru líkari efnahagslega. Því hefur til dæmis verið haldd fram að Ísland, sem enn er stór hráefnaframleiðandi, myndi hagnast af bandalagi við þjóðir sem eru fyrst og fremst hráefnaframleiðendur.

Langstærstur hluti utanríkisviðskipta okkar er við þjóðir ESB. Þannig fóru árið 2005 74,6% af vörutíflutningi okkar til ESB en 61,6% af vöruinflutningi okkar kom þaðan. Viðskipti landa á milli verða sifelt mikilvægari og íslenskt atvinnu- og viðskiptalif hefur tekið stórtígum breytingum.

#### Menningarleg einangrun

Sumir hafa áhyggjur af því að tollabandalög valdi menningarlegri einangrun. Þjóðir sem eru hluti af stórum viðskiptaheildum telja sig stundum ekkert hafa að sækja til þjóða utan bandalagsins. Stórum þjóðum og viðskiptaheildum sem eru sjálfullum sér nógar á flestum svíðum og búa við góð lífskjör hættir stundum til að einangrast og finnast þær ekki þurfa neitt til annarra að sækja, hvort sem er efnahags- eða menningarlega. Evrópubúar hnekykslast stundum á því hvað þeim finnst Bandaríkjamein vitu lítið um Evrópulönd og menningu þeirra. Ætli Ásíubúum fyndist ekki þekking Íslendinga heldur brotakennnd ef þeir væru spurðir út úr um menningu og efnahagslíf i þeim heimshluta?

#### Pólitiskt valdaafsal

Margir líta á inngöngu þjóða í ESB sem pólitiskt valdaafsal.

Þjóðir hætti að ráða sínum eigin málum. Valdið sé flutt til stofnana ESB í Brussel. Ráðherraraðið í Brussel setur lög sem undirbún eru af Framkvæmdastjórn ESB og Leiðtogaðið leggur meginlinnurnar til framtíðar. Æðsta dómsvald í málefnum ESB er hjá Evrópuðomstólnum. Þjóðirnar í ESB hafa sannarlega afsalað sér miklu pólítiskum völdum til sameiginlegra stofnana ESB.

#### Yfirþjóðlegt vald

Við inngöngu í ESB öðlast þjóðirnar yfirþjóðlegt vald. Lög ESB eru æðri lögum landanna og hver þjóð öðlast tillogu og atkvæði er í stofnunum ESB þar sem sett eru lög og reglur sem gilda ekki eingöngu í þeirra eigin landi, heldur eimig í öllum öðrum aðildarlöndum ESB.

Sumir halda því fram að eingöngu með þáttöku í ESB geti þjóðirnar þrjár<sup>4</sup> á Evrópska efnahagssvæðinu, sem eru utan ESB, haft ahrif á lagasetningu í ESB. Mörk þeirra laga sem ESB setur í mikilvægum málaflokum þurfa Ísland, Noregur og Lichtenstein að taka upp síðar. Flestir virðast nú sammála því hér á landi að aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu hafi verið okkur til mikilla hagsbóta.

#### Aukinn stuðningur?

Sumir segja að smáþjóð eins og Íslendingum gæti verið stykur að aðild þar sem samningar okkar við þjóðir utan bandalagsins hefðu stuðning ESB.

#### Aðgangur að upplýsingum og rannsóknum ESB

Aðrir segja að upplýsingaöflun og rannsóknir ESB nýttist okkur aðeins með aðild að ESB og þetta séu upplýsingar og rannsóknir sem við hefðum aldrei bolmagn til að frankvæma ein vegna smæðar okkar.

#### Kemur sjávarútvegsstefna ESB í veg fyrir aðild Íslendinga?

Ef Ísland hygðist sækja um aðild að ESB yrðu reglur ESB um að fiskimið landanna séu sameiginleg eign sambandslandanna okkur erfið. Sumir segja að reglur ESB séu þannig að við mundum halda áfram að veiða allan okkar fisk hér við land

<sup>4</sup> Noregur, Ísland og Lichtenstein.

vegna þess að réttur til veiða byggi á veiðireynslu undanfarandi ára. Öll lónð sem nú eiga aðild að ESB hafa fengið undanþágur og sérstaka samninga um einstök atriði vegna sérstöðu sinna í mörgum og ólikum málaflokkum. Umsókn um aðild fylgir langt samningaferli þar sem rædd er sérstaða þess lands sem sækir um aðild. Enginn veit því hvað kemi út úr sílum samningum. Niðurstaða sílra samninga yrði c.t.v. óásættanleg fyrir Íslendinga. Það er pólitisk ákvörðun að sækja um en ef síl ákvörðun er tekin fáum við að vita hvort innganga í ESB sé skynsamleg fyrir okkur eða ekki. Þær upplýsingar fást trúlega ekki nema að undangengnu samningaferli í kjólfar umsóknar.

### Helstu stofnanir Evrópusambandsins

#### Leiðtogaðaráðið

Í leiðtogaðaráðinu (The European Council) eiga sæti forsætisráðherrar aðildarlandanna auk forseta framkvæmdastjórnarinnar. Einnig sitja utanríkisráðherrar landanna fundi ráðsins og einn af fimm varaforsetum framkvæmdastjórnarinnar.

Fundirnir eru haldnir a.m.k. tvívar á ári. Hlutverk leiðtogaðarsins er stefnumótun. Það samhæfir mikilvæga stefnumótun innan ESB og leggur línumnar um framtíðarstefnuna. Það greiðir úr ágreiningsefnum sem ekki hefur tekst að leysa í ráðherraráðinu og því koma mörg mikilvægustu úrlausnarefni ESB til kasta leiðtogaðarsins. Leiðtogaðið hefur látið sifellt meira til sín taká undanfarin ár, bæði í utanríkismálum, sem og dóms- og innanríkismálum.

#### Ráðherraráðið

Alþingi Íslendinga fer með löggjafarvaldið hér á landi og þess vegna liggar beinast við að draga þá ályktun að löggjafarvaldið innan Evrópusambandsins sé að finna á Evrópuþinginu. Svo er þó ekki. Löggjafarvaldið í Evrópusambandinu er hjá ráðherraráðinu (The Council of Ministers) sem er ein valdamesta stofnun ESB. Í ráðherraráðinu eiga sæti ráðherrar aðildarlandanna 27. Þegar ráðherraráðið fjallar um breytingar á lögum eða samþykktum í einstökum málaflokkum mæta allir ráðherrar í viðkomandi málaflokk, hver frá sínun landi. Þegar fjallað er um landbúnaðarmál mæta því landbúnaðarráðherrarnir 27, hver frá sínun landi. Aðilar að ráðherraráðinu koma hver úr sinni ríkis-

stjórn og ber þeim því að gæta hagsmuna síns lands í ráðherraráðinu, auk þess sem þeim ber að hafa hagsmuni ESB að leiðarlögsi. Aðildarlöndin skiptast á um að hafa forsæti í ráðinu. Hvert land hefur forsæti sex mánuði í senn.

Í ráðherraráðinu hafa lónðin 27 alls 321 atkvæði. Fjögur fjölmennustu ríkin, Þýskaland, Bretland, Frakkland og Ítalía, hafa hvert um sig 29 atkvæði eða alls 116 atkvæði. Sameiginlegur fólkssjöldi þessara fjögura landa er 57% mannfjöldans í ESB. Þau hafa samt ekki meirihluta atkvæða í ráðinu, heldur 36%. Til þess að hafa hreinan meirihluta í ráðherraráðinu þarf 161 atkvæði svo að lónðin fjögur þurfa stuðning a.m.k. tveggja landa í viðbót til þess að koma máluum í gegn.

Það eru margfalt fleiri íbúar á bak við hvert atkvæði fjölmennustu landanna en á bak við atkvæði fámennari landa. Þannig hefur Lúxemborg aðeins rúmlega 100.000 íbúa á bak við hvert atkvæði sitt í ráðherraráðinu en Þýskaland tæplega 3 milljónir íbúa á bak við hvert atkvæði sitt. Sumar ákvarðanir í ráðinu eru teknar einróma, aðrar með auknum meirihluta atkvæða og í enn öðrum tilvikum ræður einfaldur meirihluti atkvæða. Ráðherraráðið gegnir sams konar hlutverk í ESB og Alþingi á Íslandi.

#### Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins


Framkvæmdavaldið á Íslandi er hjá ríkisstjórninni en framkvæmdavaldið hjá Evrópusambandinu er hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (The European Commission). Framkvæmdastjórninni er skipt upp í 27 deildir sem eru ekki ósvipaðar fagráðuneytunum hér á landi. Aðildarríkin 27, eða réttara sagt ríkisstjórnir þeirra, tilnefna tuttugu og sjö framkvæmdastjóra sem velja síðan forseta framkvæmdastjórnarinnar<sup>5</sup> úr sinum höpi. Tilnefning framkvæmdastjórnanna er til fimm ára og hin lónðin 26 verða að samþykki tilnefningu þeirra. Þannig á einn fulltrúi frá hverju landi setu í framkvæmdastjórninni.<sup>6</sup>

<sup>5</sup> Forset framkvæmdastjórnarinnar er nokkurs konar forsætisráðherra ESB.

<sup>6</sup> Frá og með 1. nóvember 2004.



Aðsetur Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel



Evrópuðómstóllinn  
i Luxemborg

Hver framkvæmdastjóri fer með sinn málaflokk ekki ólíkt því sem ráðherrarnir gera hér á landi. Aðalhlutverk framkvæmdastjórnarinnar er að fylgjast með því að samþykktum og reglum Evrópusambandsins sé hlýtt og að undirbúa frumvörp til nýrra laga eða samþykktu sem síðan eru lögð fyrir ráðherraráðið. Hver framkvæmdastjóri hefur sér til fulltingis sex persónulega ráðgjafa en auk þess hefur framkvæmdastjórnin á að skipa 18.000 manna fóstu starfslíði. Framkvæmdastjórunum 27 ber að hafa hagsmuni ESB að leiðarljósi þar sem þeir fara með stjórn ákveðins málaflokks fyrir öll löndin innan ESB.

#### Evrópuðómstóllinn

Dómsvaldið hér á landi er í höndum héraðsdómstóla og Hæstaréttar. Í Evrópusambandinu er Evrópuðómstóllinn (The Court of Justice) æðsta og eina dómsstigð. Dómstóllinn dæmir einungóu í þeim málum sem snerta samþykktir og lög Evrópusambandsins. Niðurstöðum dómsins verður ekki afryjað.

Meginhlutverk Evrópuðómstólsins er að sjá um að framkvæmd aðildarlandanna á sáttmálum ESB sé í samræmi við lög og reglur sambandsins og að þessi lög og reglur séu ekki túkuð eða þeim breitt á mismunandi hátt í löndum ESB. Ríkisstjórnir, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar geta skotid málum sínum til Evrópuðómstólsins. Aðeins örflitill hluti þeirra mála sem koma til kasta dómsstólsins er dómtækinn. Flestir deiluaðilar láta sér naegja að heyra álit eða umsögn dómsins. Í dómstólnum eiga nú sæti 27 dómarrar, einn frá hverju landi, og auk þeirra átta hæstaréttarlögmann. Peir eru tilnefndir af ríkisstjórnunum landanna til sex ára í senn. Dómstóllinn hefur aðsetur sitt í Luxemborg.

#### Evrópuþingið

Á Evrópuþinginu (The European Parliament) í Brussel eiga nú sæti 785 þingmenn frá 27 aðildarlöndum ESB. Peir eru allir kosnir á sama degi í beinni hlutfallskosningu til fimm ára í senn, hver frá sinu landi. Fjölmennasta landið, sem er Þýskaland, hefur 99 þingmenn á Evrópuþinginu en Malta sem er fámennt

asta ríki ESB kís fimm þingmenn. Í Þýskalandi eru tæplega 850.000 íbúar á bak við hvern þingmann á Evrópuþinginu en á Móltu eru þeir meira en tíu simum ferri eða um 80.000 íbúar. Vægi atkvæða er því miklu meira hjá smáþjöðunum en hjá þeim sterri. Þannig eykur ESB völd smáþjóða á kostnað stórfjóða innan bandalagsins.

Hlutverk Evrópuþingsins er fyrst og fremst að hafa eftirlit með stórfum framkvæmdastjórnarinnar og ráðherraráðsins. Það samþykkir fjárlög ESB og skipun nýrrar framkvæmdastjórnar og hefur völd til að setja alla framkvæmdastjórnina af en til þess þarf samþykki 3/4 hluta atkvæða á þinginu. Þingið hefur ekki vald til að setja einstaka framkvæmdastjóra af.

Á þinginu eiga nú sæti fulltrúar níu stjórnmalahreyfinga sem sækja fylgi sitt til sjótu flokka í aðildarríkjunum en auk þess eru á Evrópuþinginu margir óhádir þingmenn. Þingið er fremur valdaltíð en völd þess munu eflaust aukast í framtíðinni vegna vaxandi óánaegju almennings í ESB sem finnst hann ekki hafa mikil áhrif á álvardanatökum í ESB.

Það er augljós ástæða fyrir því að ráðherraráðinu hefur verið fengið löggjafarvaldið í hendur en ekki Evrópuþinginu. Aðeins ráðherraráðið og leiðtogaþáðið endurspeglar þau pólitísku völd sem ríkja í aðildarlöndunum hverju sinni.

Evrópuþingið er kosið beinni kosningu í aðildarlöndunum til fimm ára og á fimm ára kjörtímabili Evrópuþingmanna geta pólitisk valdahlutföll í löndum ESB breyst.

#### Maastricht-samkomulagjóð

Maastricht er litil og falleg borg í Hollandi. Íbúarinn voru ekki sérstaklega ánaegðir með þá neikvæðu athygli sem borgin hlaut árið 1991 þegar leiðtogaþundur ESB var haldinn þar. Samningurinn sem kenndur er við borgina var satt að segja mjög umdeildur meðal aðildarþjóða ESB þegar harn var borinn undir atkvæði í heimalöndunum. Danmörk felldi samninginn en aðrar þjóðir voru misánægðar með innihald hans. Hann var staðfestur af aðildarþjóðunum I. desember 1992. Við gildistóku samningsins breyttist nafn Evrópubandalagsins í Evrópusambandið.

Samningurinn visar veginn til enn aukinnar sameiningar Evrópu og er viðbót við Rómarsáttmálann. Meginatriði hans eru tilgreind hér á eftir.

Mynd 23.1 Íbúafjöldi, þingmannaþjöldi og atkvæðafjöldi einstakra landa innan ESB

Aðildarlönd ESB (2007)	Íbúafjöldi (þúsundir)	Fjöldi atkvæða í ráðherraráðinu	Fjöldi fulltrúa á Evrópuþinginu
Austurriki	8.206	10	18
Belgja	10.445	12	24
Bretland	60.209	29	78
Danmörk	5.415	7	14
Finnland	5.261	7	14
Frakkland	63.587	29	78
Grikkland	11.244	12	24
Holland	16.407	13	27
Írland	4.234	7	13
Ítalía	58.751	29	78
Lúxemborg	468	4	6
Portugal	10.605	12	24
Spánn	45.061	27	54
Svíþjóð	9.047	10	19
Hýskaland	82.422	29	99
Pólland	38.536	27	54
Tékkland	10.280	12	24
Ungverjaland	10.076	12	24
Slóvakia	5.431	7	14
Litháen	3.596	7	13
Lettland	2.290	4	9
Slóvenia	2.011	4	7
Eistland	1.332	4	6
Kýpur	818	4	6
Malta	402	3	5
Rúmenía	22.329	14	35
Búlgaria	7.761	10	18
Alls 27 lönd	496.200 (2006)	Alls 345 atkvæði (jan. 2007)	785 fulltrúar (2007)

## 1. Evran og Seðlabanki Evrópu

Með Maastricht-samkomulaginu var ákveðið að sameiginlegur gjaldmiðill, sem síðar fékk heitið „evra“, skyldi tekið upp í aðildarlöndunum eigi síðar en í árslok 1999. Það var samt ekki fyrr en 1. janúar 2002 sem peningaseðlar í þessum gjaldmiðli voru teknir í notkun og gömlu seðlarnir voru teknir úr umferð þann 28. febrúar sama ár.

Til að öðlast heimild til að taka upp evruna þarfum löndin að hafa verið aðilar að evrópska myntkerfinu (EMU) í tvö ár fyrir upptökum evrunnar og auk þess að uppfylla nokkuð ströng efnahagsleg skilyrði um litla verðbólgu, lága vexti, líttinn halla á rkissjóði, auk þess sem skuldir þjóðarinnar máttu ekki fara upp sýrir ákveðið hlutfall af landsframleiðslu.

Samkvæmt Maastricht-samkomulaginu á stjórn peningamála evrolandanna að vera í höndum Seðlabanka Evrópu, en hann tók til starfa árið 1998 í Frankfurt og er algjörlega sjálfstæð stofnun sem ákveður m.a. sameiginlega vexti í öllum evrulöndunum og fer að auki með yfirstjórn allra peningamála evrlandanna.

## 2. Evrópskur borgaráréttur

Með Maastricht-samningnum öðluðust íbúar ESB rétt til að kjósa til sveitastjórnna í því landi þar sem þeir eru búsettar þótt það sé ekki það land sem þeir eru ríkisborgarar í. Dani sem vinnur og býr í Bretlandi má kjósa í sveitarstjórnarkosningum í Bretlandi og hann má einnig kjósa breska þingmenn á Evrópuþingið þó að hann megi ekki kjósa þingmann á breska þingið í sínu kjördæmi. Eingöngu breskir ríkisborgarar mega kjósa þingmenn á breska þjóðþingið. Evrópsk borgaráréttindi eru nokkuð svipuð þeim réttindum sem Norðurlandajóðirnar veita hver annarri.

## 3. Völd Evrópuþingsins styrkt og valdsvið þess aukið.

Fra 1995 hefur Evrópuþingið samþykkt tilnefningu framkvæmdastjórnanna og einnig kjör forseta framkvæmdastjórnarinnar. Alla alþjóðlega samninga þarf auk þess að bera upp til samþykktar á Evrópuþinginu.

## 4. Aukin framtíðarverkefni Evrópusambandsins

Verkefnasviðum Evrópusambandsins var sjölgð verulega með

Maastricht-samkomulaginu. Neytendavernd, opinber heilbrigðisstefna, útgáfa vegabréfsáritana, uppbygging innri samgöngukerfa, póst- og símamálaþjónusta, orkumál, þróunaraðstoð, ðenaðarmál, skólamál, menningarmál, umhverfisvernd, rannsóknar- og þróunarstörf og aukin sélagsleg réttindi launþega eiga öll að verða viðfangsefni ESB í framtíðinni.

#### 5. Verður sameiginlegur her í Evrópu í framtíðinni?

Löndin hyggjast koma á sameiginlegri utanrikis-, öryggis- og varnarmálastefnu.

Fra 1993 hefur rádherraráðið samþykkt um sjötíu sameiginlegar yfirlýsingar í utanrikismálum og samþykkt um summtíu sameiginlegar aðgerðir. ESB áformar einnig að setja upp viðbragðsherafla sem sinnt geti friðargæsluverkefnum með stuttum fyrirvara.

#### 6. Sameiginleg lög skulu gilda í löndum ESB í málefnum launafólks og innflytjenda

Löndin skulu samkvæmt Maastricht-samkomulaginu hafa sameiginlega stefnu í málefnum innflytjenda og sameiginleg löggið skal einnig gilda um réttindi og skyldur launafólks innan ESB.

#### Evran: Sameiginleg mynt innan ESB

Evran á upphaf sitt að rekja til Maastricht-samkomulagsins frá 1992 eins og fyrr segir. Gengi hennar er fast innan evrulandanna, ein evra hefur samr verðgildi hvar sem er á evrusvæðinu. En verð evrunnar reiknað í gjaldmiðlum annarra landa utan evrusvæðisins ákvárdast af framboði og eftirsprung eftir evrunni. Gengi evrunnar flytur því eins og gengi krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum þótt það sé fast innan evrulandanna.

Arið 2008 er evran notuð af 15 löndum Evrópusambandsins. Hún er gjaldmiðill allra stofnlandanna sex frá 1957 (þ.e. Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Hollands, Belgíu og Luxemborgar), en auk þeirra nota evruna Írland, Finnland, Austurriki, Grikkland, Spánn, Portúgal, Slóvenía, Malta og Kýpur.

Vilji Ísland taka upp evru þarf landið fyrst að ganga í Evrópusambandið. Því næst þarf landið að vera aðili að Evrópska myntbandalaginu undir stjórn Seðlabankans Evrópu og tengja gengi krónunnar við evruna í tvö ár. Gengi krónunnar má á þessum



tíma aðeins lækka eða hækka um 15% frá fyrirfram ákveðnu föstu gengi. Þetta eru þau vikmörk sem Evrópski seðlabankinn settu gjaldmiðlum landa Evrópusambandsins sem vilja sækja um aðild að evrusvæðinu. Gangi þessi tengsl krónunnar og evrunnar stórslysalust fyrir sig, þ.e.a.s takist krónunni að halda sig innan 15% vikmarkanna á reynslutímabilinu, þarf landið einnig að uppfylla ákveðin eftirfarandi skilyrði:

- Verðbólga í landinu má ekki vera nema 1,5% hærri en meðaltalsverðbólga þeirra þriggja landa sem hafa lægsta verðbólgu innan evrusvæðisins.
- Útgjöld ríkissjóðs umfram skatta (halli á ríkissjóði) í eðlilegu árferði mega ekki vera meiri en 3% af landsframleiðslu.
- Skuldir ríkisins mega ekki fara upp fyrir 60% af landsframleiðslu. Þetta er meginregla. Fari skuldir ríkisins lekkandi má víkja frá þessari reglu.
- Nafnvetxitir 10 ára ríkisskuldbréfa mega ekki vera meira en 2% hærri en vextir samsvarandi bréfa í þeim þremur ríkjum á evrusvæðinu sem hafa lægsta verðbólgu.

Hverjir eru helstu kostir og gallar þess að taka upp sameiginlega mynt?

#### Kostir sameiginlegrar myntar:

- Miklir peningar sparast í viðskiptum evrupsjóðanna þar sem ein þýsk evra er jafnstórt og ein spansk evra svo að það kostar ekkert að skipta úr einum gjaldmiðli yfir í annan. Þetta þýðir að utanríkisviðskipti milli evrulandanna verða ódýrari en viðskipti á milli annarra landa svo að verðlag getur orðið lægra og kaupmátturinn því hærri í evrulöndunum.
- Allur verðsamanburður er auðveldari. Ferðamenn og kaupsýslumenn sem fara til evrulandanna eru ekki í neinum vandræðum með að bera saman vörugerð í löndunum því að það er alls staðar skráð í sömu mynt. Verðsamkeppni ætti því að aukast milli evrulandanna og verðlag að lækka.
- Gengisóvissa hversur og gengisáhætta minnkar þegar

löndin hafa sameiginlega mynt. Slikt getur leitt til aukins flutnings á fjármagni milli landanna.

- Ef sameiginlegum seðlabanka evrulandanna tekst að lækka verðbólgu lækka vextir í kjölfarið og fjárfestingar munu þar af leiðandi aukast á **evrusvæðinu**. Í kjölfar aukinna fjárfestinga mun hagvöxtur aukast.
- Eyrópusambandið með sameiginlegan gjaldmiðil kann að draga að sér erlenda fjárfesta sem sjá sér hag í að setja upp fyrirtaki á svæðinu og losna þannig við ytri toll sambandsins og selja vorur sínar ódýrar á þessum stóra markaði.
- Frjálsir fjármagnsflutningar milli landa skapa hættu fyrir lítil hagkerfi með sjálftæða mynt. Evran getur tryggt smærri hagkerfum innan ESB aukinn stöðugleika í gengismálum.

#### Gallar sameiginlegrar myntar:

- Það er kostnaðarsamt að taka upp nýjan gjaldmiðil því að verð, laun, samninga og kostnað verður nú að skrá í evrum.
- Á evrusvæðinu getur átt sér stað efnahagslegt misrämi. Hér er átt við að það getur verið sandrátur í Þýskalandi á sama tíma og þensla er á Írlandi. Það er eitt gengi og eitt vaxtastig í öllum evrulöndunum. Þjóðverjar geta hvorki fellt gengi né **lækkað** vexti þótt atvinnuleysi og skortur á eftirsprung hrjái landið og frar geta ekki **hækkað** vexti á sama tíma til að minnka þensluna í landinu.
- Það er engin sjálfstæð peningamálastefna í evrulöndunum. Vextir eru ákvændir af Seðlabanka Eyrópu sem miðar vaxtastigið við eitthvært meðaltal á evrusvæðinu en ekki við efnahagsvanda einstakra landa. Þegar hærri verðbólga er í Grikklandi en í Finnlandi vilja Grikkir eflaust hafa hærri vexti en Finnar en vaxtastigið er alls staðar hið sama.
- **Fjármálastefna** landanna er heldur ekki alveg sjálfstæð þar sem löndunum er bannað að hafa meiri halla á ríkissjóði en sem nemur þremur prósentum af vergri landsframleiðslu. Þjóðir sem glíma við atvinnuleysi eiga því ekki auðvelt með að nýta sér halla á fjárlögum til að minnka atvinnuleysið heima fyrir.

#### Verkefni

1 Hvaða sex lönd stofnuðu Efnahagsbandag Eyrópu árið 1957?

Hvaða þíjár meginhugmyndir lágu að baki stoðnum EBE? Árið 1973 bættust þíjú lönd í höppin og árið 1981 og 1986 koma enn þríjú lönd til viðbótar. Hver voru þessi lönd?

Árið 1995 bættust enn þíjár þjóðir í sambandið og árið 2004 fylgðaði þjóðum um tvo. Enn fylgði þjóðunum um tvær þann 1. januar 2007. Hvaða þjóðir hafa bæst við (alls 27 þjóðir)?

Hvert er meginintak Rómarsáttmálans?

Efnahagsbandag Eyrópu breytti um nafn árið 1967 og aftur 1992. Hvað hét það eftir 1967 og hvað heitir það nú?

2 Þegar hagfræðingar gera tiraun til að reikna út áhrif aðildar einstakra landa að tollabandalögum nota þeir hugtökini viðskiptamyndun (trade creation) og viðskiptafráhvarf (trade diversion). Hvað er átt við með þessum hugtökum?

Teldu upp nokkur pólítisk, menningarleg og efnahagsleg rök með og á móti aðild Íslands að ESB.

3 Lýstu meginintaki Maastrich-samkomulagsins.

4 Hvað er evra? Hvernig er gengisskráningu evrunnar háttar?

Hvaða lönd innan ESB nota hana ekki?

Hverjir eru helstu kostir evrunnar fyrir aðildarlöndin?

Hverjir eru helstu gallar evrunnar fyrir aðildarlöndin?

Hefur evran áhrif á íslenskt efnahagslíf?

5 Lýstu starsemi og hlutverki leiðtogaðsins.

Hverjir eiga sæti í leiðtogaðinu og hvernig og hve lengi eiga þeir aðild að leiðtogaðinu?

*Rök med og a móti?*

- 6** Lýstu starfsemi og hlutverki ráðherraráðsins.  
Hverjir eiga sæti í ráðherraráðinu og hversu lengi eiga þeir sæti þar?  
Hvaða stofnun á Íslandi hefur sambærilegt hlutverk?  
Hvað er ólikt og hvað er líkt með þeim?
- 7** Lýstu starfsemi og hlutverki Evrópudómstólsins.  
Hverjir eiga sæti í Evrópudómstólum og hversu lengi eiga þeir sæti þar?
- 8** Lýstu starfsemi og hlutverki Evrópuþingsins.  
Hverjir eiga sæti á Evrópuþinginu og hversu lengi eiga þeir sæti þar?  
Hvernig eru þeir valdir?
- 9** Lýstu starfsemi og hlutverki framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.  
Hverjir eiga sæti í frámkvæmdastjórninni og hversu lengi eiga þeir sæti þar?  
Hvernig eru þeir valdir? Hvaða stofnanir á Íslandi gegna sambærilegu hlutverki og frámkvæmdastjórnin?

## Landbúnaðarstefna Evrópusambandsins

**24**

Með Rómarsáttmálanum frá 1957 var ákveðið að ríki Efnahagsbandalags Evrópu, eins og það var þá kallað, skyldu hafa sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum. Stór hluti útgjalda Evrópusambandsins fer enn í að fjármagna þessa stefnu en vægi hennar sem hlutfall af heildarútgjöldum sambandsins hefur þó dregist mikil saman. Hlutfallið var 70% um 1970 en var komið niður í 44% árið 2005.

Samkvæmt Rómarsáttmálanum voru meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar eftirfarandi:

- Að tryggja bendum sanngjarnt verð fyrir vörur sínar.
- Að tryggja neytendum landbúnaðarvörur á hagstæðu verði.
- Að tryggja nægilegt framboð landbúnaðarvara innan bandalagsins.
- Að auka afköst og hagkvæmni í framleiðslu landbúnaðarvara.
- Að draga úr sveiflum í verði og framleiðslu landbúnaðarvara.

Kerfið sem Efnahagsbandagið tók upp í því skyni að ná þessum markmiðum var samið í kjölfar styrjaldar og matarskorts í Evrópu og bar þess merki að löndin vildu vera sjálfum sér nóg um matvæli. Það byggðist á því að skilgreina árlega ákveðið markmiðsverð sem er það verð sem ráðherraráðið telur samræmast best ofantoldum markmiðum. Síðan er sett svokallað ihlutunarverð sem gæti t.d. verið 10% fyrir ofan og 10% fyrir neðan mark-